

Athugasemdir við frumvarp gegn umskurn sveinbarna

Reykjavík, 27. mars 2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, mál 183-114 (bann við umskurn drengja).

Ég hef séð lögmennt halda því fram undanfarið að lagatexti frumvarpsins leggi ekki bann við raunverulegri umskurn drengja því að aðeins sé talað þar um „líkamsárás“ sem valdi „tjóni á líkama eða heilsu barns eða konu með því að fjarlægja kynfæri að hluta eða öllu leyti“. Þar sem umskurn drengja sé ekki líkamsárás leggi lagatextinn ekki bann við slíkri aðgerð.¹ Af greinargerð frumvarpsins er engu að síður ljóst að tilgangurinn með því er að leggja bann við umskurn drengja og gera slíka aðgerð refsiverða með allt að sex ára fangelsi nema því aðeins að hún „sé talin nauðsynleg af heilsufarslegum ástæðum“. Ég mun því miða athugasemdir mínar við markmið frumvarpsins eins og því er lýst í greinargerð þess en tek ekki afstöðu til þess hvort sjálfur lagatexti frumvarpsins hafi fyllilega náð að fanga það markmið í núverandi mynd sinni. Ennfremur kýs ég að nota hugtakið „umskurn“ í stað hugtaksins „umskurður“ en í íslensku biblíuþýðingunum frá 1841, 1981 og 2007 er eingöngu talað um „umskurn“. Í Guðbrandsbiblíu frá 1584 er jafnframt oftast talað um „umskurn“ en á stöku stað er hugtakið „umskurður“ einnig notað þar.

Ég aðhyllist ekki umskurn, hef engan áhuga á að sækjast eftir slíku og myndi aldrei láta umskera sveinbarn nema því aðeins að lækna myndu telja slíkt óhjákvæmilegt barnsins vegna. Best væri ef enginn þyrfti á umskurn að halda. En ég tel óhjákvæmilegt að skoða allar hliðar þessa máls, þau mismunandi mannréttindasjónarmið sem tekist er á um, hvernig Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er túlkaður með mismunandi hætti, sjónarmið þeirra fjölmörgu lækna og alþjóðastofnana sem umbera eða styðja umskurn, vægi umskurnar fyrir stóran hluta mannkyns og innan trúarlegra minnihlutahópa hér á landi og hvaða afleiðingar það hefði ef umskurn sveinbarna yrði gerð að sakamáli sem kostað getur fólk margra ára fangelsi.

¹ Einar Gautur Steingrímsson hrl. skrifar á *Facebook* vegg sinn 22. mars 2018: „Verður umskurður refsiverður ef „umskurðarfrumvarpið“ verður samþykkt? Svarið er nei. Í frumvarpinu, að breyttum lagatexta, er hvergi minnst á umskurð. Aðeins talað um líkamsárás. Umskurður drengja hefur ekki verið felldur undir það hugtak hingað til. Frumvarpið gerir það ekki heldur. Umskurður verður því refsilaus eftir samþykkt þess eins og verið hefur hingað til. Ekki stoðar að vísa til ætlunar löggjafans því stjórnarskráin og mannréttindasáttmáli Evrópu stemma stígu við að mönnum verði refsað fyrir annað en leiða megi af sjálfum lagatextanum. Í því sambandi þarf reglan, m.v. lagatextann sjálfan, vera gegnsæ og fyrirsjáanlegt hvernig honum verði beitt. Ef umskurður drengja teldist líkamsárás er hann nú þegar refsiverður og þá þarf ekki lagasetningu. M.ö.o. lagasetning samkvæmt fyrirbyggjandi frumvarpi breytir engu um hvort umskurður drengja sé refsiverður eður ei.“ (Vefur: <https://www.facebook.com/einargautur/posts/10216254792911363>.) Og Jón Steinar Gunnlaugsson fyrrverandi hæstaréttardómari talar á svipuðum nótum þegar hann segir m.a.: „Það þarf enga lagabreytingu til að banna mönnum að valda börnum líkamsmeiðslum. Ákvæði um þetta eru nú þegar í lögum.“ („Nú þykir mér tíra!“ *Morgunblaðið*. 26. febrúar 2018. Bls. 17.)

Tvö mannréttindasjónarmið sem stangast á

Um eða yfir þriðjungur karlmannna um allan heim er umskorinn og er það ýmist á trúar-, menningar- eða heilbrigðisforsendum. Það eru einkum gyðingar og múslimar sem aðhyllast umskurn á trúarlegum forsendum en innan kristindóms hefur hún í langflestum tilfellum ekkert vægi. Páll postuli sagði umskurn engu skipta fyrir kristna menn enda sé aðalatriðið í samfélaginu við Jesúm Krist „trú sem verkar í kærleika“ (Gl 5:6). Hann viðurkenndi hins vegar og virti að umskurn hefði mikið gagn á allan hátt fyrir gyðinga vegna þeirrar merkingar sem í hana væri lögð (Rm 3:1-2). Þegar kristnir menn m.a. í Bandaríkjunum láta umskera er það alfarið að ráði þarlandra lækna eða vegna viðtekinna menningarhefða. Innan íslensku þjóðkirkjunnar eru skiptar skoðanir um frumvarpið en þeir sem helst gagnrýna það telja það fela í sér afar skaðlega aðför að minnihlutahópum og trúarhefð þeirra.

Tekist er á um tvö mannréttindasjónarmið sem stangast á, annars vegar það sjónarmið að börn eigi ekki að þurfa að sæta óafturkræfu inngripi á eigin líkama nema líf þeirra og heilsa sé í hættu og hins vegar það sjónarmið að það sé réttur barna að fá að alast upp við trúarlegar og menningarlegar grundvallarhefðir foreldra sinna sem móta sjálfsmynd þeirra og þess samfélags sem þau tilheyra. Það er því rangt sem haldið hefur verið fram að hér sé alfarið um að ræða árekstur milli sjálfsákvörðunarréttar barns og trúfrelsis foreldra þess því að þetta snýst ekki síður um rétt barnsins til þess samfélags sem það fæðist í og alls þess sem einkennir það.

Þeir sem segja að réttindi hópa verði ávallt að víkja fyrir réttindum einstaklinga óháð aldri þegar þau fari ekki saman þurfa að gæta að því að það getur einmitt talist grundvallarréttur sveinbarna úr röðum gyðinga og múslima að vera umskorin strax á áttunda degi eða því sem næst í ljósi þess vægis sem umskurn hefur fyrir sjálfsmynd þeirra og stöðu innan samfélags síns fólks. Ef stjórnvöld beita sér gegn þeim rétti barns að það fái að njóta fullrar aðildar að því samfélagi, setja þau sjálfsmynd þess skorður sem eru óafturkræfar á æskuárunum. Slíkt gæti skaðað viðkomandi börn.

Hér ber að spyrja hversu alvarlegt inngrip umskurn sé á líkama drengja. Ekki eru allar trúarlegar eða menningarlegar hefðir af hinu góða og ýmsar þeirra geta stórskaðað viðkomandi börn til lífstíðar eins og sá síður að reyra fætur stúlkubarna í Kína fyrr á tímum. Athygli vekur að heilbrigðisyfirvöld og læknasamtök víða um heim sjá ýmist ekkert athugasvert við umskurn drengja eða hreinlega styðja hana. Sömuleiðis hafa komið fram íslenskir læknar sem andmælt hafa frumvarpinu á ýmsum forsendum og er þar á meðal Landlæknisembættið.² Flutningsmenn frumvarpsins telja ennfremur umskurn drengja ekki alvarlegri en svo að þeir mæla með því að þeir „drengir sem vilja láta umskera sig af trúarlegum eða menningarlegum ástæðum taki ákvörðun um slíkt þegar þeir hafa sjálfir náð aldri og þroska til þess að skilja hvað felst í slíkri aðgerð“.

² Sjá t.d.: Birgir Jakobsson: *Umsögn Embættis landlæknis um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (bann við umskurði drengja), 114. mál.* 13. mars 2018. Vefur: <http://www.althingi.is/altext/erindi/148/148-663.pdf>; Guðmundur Pálsson: *Umsögn um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, þingskjal 183- 114. mál (umskurn drengja).* 28. febrúar 2018. Vefur: <http://www.althingi.is/altext/erindi/148/148-424.pdf>; Kári Stefánsson: „Leyfið foreldrunum – Opið bréf til Alþingis Íslendinga.“ *Fréttablaðið*. 22. febrúar 2018. Bls. 18.; Óttar Guðmundsson: „Judenfrei.“ *Fréttablaðið*. 17. febrúar 2018. Bls. 72.; Páll Torfi Önundarson: *Facebook*. 23. febrúar 2018. Vefur: <https://www.facebook.com/pall.onundarson/posts/10204419436082402>.

Stuðningsmenn frumvarpsins úr röðum almennings hafa margir uppi stór orð um alvarleika umskurnar sveinbarna og tala þar m.a. um limlestingar, pyntingar og barnaníð. Grundvallarmunur er þó á umskurn drengja þar sem aðeins forhúðin er skorin burt að hluta eða í heild og limlestingum á kynfærum stúlkna. Vissulega er ágreiningur meðal lækna um alvarleika umskurnar sveinbarna en þeir læknar eru samt fjölmargir víða um heim sem halda því fram að hún sé ekki skaðleg eða í það minnsta ekki skaðlegri en aðrar læknisaðgerðir.

Þá ber að gæta þess að svo framarlega sem lífi og heilsu barna sé ekki stefnt í hættu hafa foreldrar ríkan rétt til að neita börnum sínum um læknismeðferð sem heilbrigðisstarfsfólk telur að sé þeim fyrir bestu. Um þetta segir í álitum umboðsmanns barna frá janúar 2014 í tengslum við erindi þar sem óskað var „eftir álitum embættisins á því hvernig best sé að fagfólk á heilbrigðisviði bregðist við þegar foreldrar ákveða að börn þeirra sem eru heyrnarlaus eða verulega heyrnarskert fái ekki kuðungsígræðslu“:

Samkvæmt íslenskum lögum þurfa foreldrar að samþykkja læknismeðferðir á börnum sínum, sbr. 1. mgr. 26. gr. laga um réttindi sjúklunga nr. 74/1997. Ef foreldrar neita að samþykkja kuðungsígræðslu á barni er hlutverk heilbrigðisstarfsfólks fyrst og fremst að veita foreldrum viðeigandi fræðslu. Ef heilbrigðisstarfsfólk telur að foreldrar séu ekki að taka ákvarðanir í samræmi við bestu hagsmuni barnsins er hægt að leita til barnaverndar.³

Fyrst foreldrar hafa rétt til að synja ungum börnum sínum um slíka læknismeðferð þrátt fyrir að slíkt gæti mögulega átt eftir að veita þeim heyrn og gert þeim kleift að læra talmál má spyrja hvort þeir hafi ekki sömuleiðis rétt til að fara fram á læknismeðferð í formi umskurnar sem tíðkuð er um stóran hluta heimsins á trúar-, menningar- eða heilbrigðisforsendum og er viðurkennd sem nauðsynleg a.m.k. undir vissum kringumstæðum af þorra lækna m.a. hér á landi. Þessi niðurstaða umboðsmanns barna sýnir að ákvörðunarréttur foreldra geti haft meira vægi en læknisfræðilegt álit þegar líf barna og heilsa þeirra er ekki að veði.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Í greinargerð frumvarpsins er það gert að meginatriði að umskurn sveinbarna sé brot á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna⁴ sem hafi verið lögfestur hér á landi 2013 og því beri að dæma þá sem gerast sekir um slíkt í allt að sex ára fangelsi. Því er haldið fram að umskurn sé „brot gegn 3. mgr. 24. gr. sáttmálans sem tryggir börnum vernd gegn hefðum sem eru skaðlegar heilbrigði barna“ og samrýmist að auki illa 12. gr. sáttmálans „sem fjallar um rétt barna til þess að hafa áhrif á eigið líf“.

Texti greinargerðarinnar er að stórum hluta sóttur orðréttur til álits umboðsmanns barna á Íslandi frá 2013 sem birt var þegar umboðsmenn barna á Norðurlöndunum og nokkrir heilbrigðisstarfsmenn sendu frá sér sameiginlega yfirlýsingu þess efnis að umskurn sveinbarna sé brot á barnasáttmálanum og ekki

³ Margrét María Sigurðardóttir: „Kuðungsígræðsla.“ *Umboðsmaður barna*. 13. janúar 2014. Vefur: <https://barn.is/frettir/2014/01/kudungsigraedsla/>.

⁴ „Barnasáttmálinn – heildar texti.“ *Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna*. [Án árs.] Vefur: <http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnheildartexti.html>.

beri að veita neinum hana fyrr en viðkomandi einstaklingar hafi „sjálfir náð aldri og þroska til þess að skilja hvað felst í slíkri aðgerð“.⁵

Þessi túlkun á barnasáttmálanum verður að teljast óvenjuleg og í ósamræmi við viðtekna túlkanir á honum.⁶ Hvergi er minnst þar á umskurn sveinbarna og ekkert er það heldur í honum sem andmælir henni berum orðum. Aðeins með því að djöfulgera umskurn sveinbarna með því orðfæri sem notað er í greinargerð frumvarpsins er hægt að segja að um brot sé að ræða en í því er fullyrt að umskurn sveinbarna sé líkamsárás, limlesting og ofbeldi og því haldið fram að hún sé skaðleg, grimmúðleg og niðurlægjandi refsing sem fari gegn mannlegri reisn og líkamlegum heilindum.

Þessi málflutningur er algjörlega á skjön við sjónarmið fjölda lækna víða um heim og er hvergi gengið út frá honum í landslögum nokkurs lands. Vægi umskurnar sveinbarna á trúarlegum, félagslegum og heilbrigðislegum forsendum er slíkt í stórum hluta heimsins að barnasáttmálinn hefði aldrei verið samþykktur á vettvangi Sameinuðu þjóðanna ef hann hefði verið túlkaður sem andstæður henni. Meðal þeirra sem staðfest hafa barnasáttmálan eru Ísrael og nánast öll ríki múslima og hafa Bandaríkin undirritað hann. Ennfremur er ljóst að Sameinuðu þjóðirnar líta ekki svo á að umskurn sveinbarna sé brot á barnasáttmálanum í ljósi þess að Alþjóðaheilbrigðismálastofnun Sameinuðu þjóðanna setur hana sjálf á oddinn sem forvörn sem dragi úr líkum á ýmis konar sýkingum og sjúkdómum.⁷

Því hefur ennfremur verið haldið fram í ýmsum ritrýndum fagtímaritum að umskurn sveinbarna sé í samræmi við barnasáttmálan og megi jafnvel meta synjun á umskurn sem brot á honum. Athygli vekur að þar er vísað til sömu greinar sáttmálans (3. mgr. 24. gr.) sem umboðsmenn barna á Norðurlöndunum og frumvarpið fullyrða að sé brotið á. Allan J. Jacobs prófessor við Stony Brook læknisfræðiháskólann í Bandaríkjunum segir í grein í ritrýnda fagtímaritinu *IMAJ* (2013) að þar sem umskurn sveinbarna sé ekki skaðlegri heilsu þeirra en margar aðrar aðgerðir og áhrif hennar séu í heild jákvæð fyrir heilsu þeirra sé ekki um brot að ræða á þessari grein sáttmálans og í þeim tilfellum sem umskurn sé í þágu viðkomandi sveinbarna verði synjun á henni að teljast brot á honum. Hann bendir jafnframt á að samkvæmt 30. gr. barnasáttmálans sé það brot að meina barni úr trúarlegum minnihlutahópi um að njóta þeirrar menningar sem einkennir hann m.a. í þjóðháttum. Hann segir:

Monist critics characterize religion as strictly an adult choice [...]. Religious people and pluralists are likely to regard children as belonging to the religion of their families. The United Nations Convention on the Rights of the Child Article 30 implicitly agrees with the pluralist point of view. So does ordinary practice. Religious families provide a religious environment and education for their children, who generally identify with the religion in which they are being raised. Even religions that officially require mature consent for membership implicitly regard members' children as being part of their religious community. [...] But Art. 24 § 3 does not in fact call for

⁵ „Umskurður brýtur gegn réttindum ungra drengja.“ *Umboðsmaður barna*. 1. október 2013. Vefur: <https://barn.is/frettir/2013/10/umskurdur-brytur-gegn-rettindum-ungra-drengja/>.

⁶ Sigurvin Lárus Jónsson: „Bann við umskurði drengja.“ *Fréttablaðið*. 26. febrúar 2018. Vefur: <https://www.frettabladid.is/skodun/bann-vi-umskuri-drengja>.

⁷ *Neonatal and Male Circumcision: A Global Review*. UNAIDS. Geneva. 2010. Vefur: http://www.who.int/hiv/pub/malecircumcision/neonatal_child_MC_UNAIDS.pdf; *A Framework for Voluntary Medical Male Circumcision: Effective HIV Prevention and a Gateway to Improved Adolescent Boys' & Men's Health in Eastern and Southern Africa by 2021*. World Health Organization. Geneva. 2016. Vefur: <http://www.who.int/hiv/pub/malecircumcision/vmmc-policy-2016/en/>; „Male circumcision for HIV prevention: publications.“ *World Health Organization*. 2018. Vefur: <http://www.who.int/hiv/pub/malecircumcision/en/>.

abolishing infant circumcision. First, its language does not do so. The net health effects of infant circumcision are positive, at least according to the AAP and the WHO. If infant circumcision is not prejudicial to the health of children, it does not violate Art. 24, § 3. Second, Art. 24, § 3 never was intended to eliminate circumcision. Almost all Islamic states have signed or ratified UNCRC, as has Israel. They never would have agreed to the abolition of an essential practice of their established religions. In fact, one can construe Art. 24, § 3 to require infant circumcision. The Article seeks to abolish “traditional practices prejudicial to the health of children.” If circumcision of minors is traditional in Turkey and Israel, abstention from infant circumcision is traditional in the UK and Scandinavia. The latter tradition is conducive to transmission of various serious illnesses, including HIV, among sexually active minors.⁸

Michael Freeman prófessor við lagadeild UCL háskólans í London í Bretlandi vísar sömuleiðis í barnasáttmálann máli sínu til stuðnings þegar hann segir í hinu ritrýnda tímariti *BJU International* (1999):

This article [...] constructs a male child’s rights to a ritual circumcision, using international instruments, primarily the United Nations Convention on the Rights of the Child. [...] To deny a Jewish or Muslim child a circumcision is to undermine that child’s right to cultural heritage and identity. That there is necessarily an interference with bodily integrity does not mean that the child’s right to bodily integrity is thereby infringed. Parents are only doing to their children what the overwhelming preponderance of them would wish done were they able to express a view. The ritual removal of a child’s foreskin enhances that child’s bodily integrity.⁹

Prófessorarnir Brian J. Morris við Háskólann í Sídney í Ástralíu, John N. Krieger við Washington háskóla í Bandaríkjunum og Jeffrey D. Klausner við Háskóla Kaliforníu í Bandaríkjunum vísa til þessarar sömu greinar barnasáttmálans þegar þeir gera grein fyrir læknisfræðilegu og siðfræðilegu vægi umskurnar í grein sinni í ritrýnda fagtímaritinu *World Journal of Clinical Pediatrics* (2016) en þar vitna ég fyrst í *abstract* hluta greinarinnar og síðan í meginþexta hennar:

An argument that circumcision should be delayed to allow a boy to make up his own mind as an adult fails to appreciate the psychological, scheduling and financial burdens later circumcision entails, so reducing the likelihood that it will occur. In contrast, early infant circumcision is convenient, safer, quicker, lower risk, healing is faster, cosmetic outcome is routinely good and the lifetime benefits accrue immediately. Benefits include reduction in urinary tract infections, inflammatory skin conditions, foreskin problems, and, when older, substantial protection against sexually transmitted infections and genital cancers in the male and his female sexual partners. Some authorities regard the failure to offer parents early infant circumcision as unethical, just as it would be unethical to fail to encourage the vaccination of children. In conclusion, the criticisms of evidence-based infant male circumcision policy are seriously flawed and should be dismissed as unhelpful to evidence-based development and implementation of pediatric policy intended to improve public health and individual wellbeing. [...] Scholarly assessments suggest circumcision of male minors is ethical [...]. Given the wide-ranging protection against multiple medical conditions and infections, including STIs in boys who

⁸ Jacobs, Allan J.: „The Ethics of Circumcision of Male Infants.“ *IMAJ*. Janúar 2013. Bls. 60-65. Vefur: <https://www.ima.org.il/MedicinelMAJ/viewarticle.aspx?year=2013&month=01&page=60>.

⁹ Freeman, M.D.A.: „A child’s right to circumcision.“ *BJU International*. 1999. Bls. 74-78. Vefur: <https://onlinelibrary.wiley.com/doi/pdf/10.1046/j.1464-410x.1999.0830s1074.x>.

become sexually active early, it has been argued that it would be unethical to leave boys uncircumcised [...]. Article 24(3) of the United National Convention on the Rights of the Child has been construed as mandating circumcision, since not circumcising boys should be deemed as prejudicial to their health [...].¹⁰

Sömu prófessorar vísa síðan áfram í barnsáttmálann máli sínu til stuðnings um vægi umskurnar í annarri grein í ritrýnda fagtímaritinu *Global Health: Science and Practice* (2017):

Curiously, those who condemn parent approved infant MC are not as quick to condemn procedures that provide no medical benefit to children (e.g., cosmetic orthodontia, correction of harelip, surgery for tongue-tie, treatment of dwarfism by growth hormone injections, and surgery for removal of supernumerary digits). Why then do some regard MC as controversial? Article 24(1) of the United Nations Convention on the Rights of the Child states, “States Parties recognize the right of the child to the enjoyment of the highest attainable standard of health” and “shall strive to ensure that no child is deprived of his or her right of access to health care services.” Therefore, we assert that the CDC’s draft MC recommendations do nothing more than advocate appropriately the right of male infants, children, adolescents, and adults to access health care services with medical benefits—that is, MC [...].¹¹

Eins og áður segir lítur frumvarpið umskurn ekki alvarlegri augum en svo að það mælir með að sjálfráða einstaklingar eigi rétt á henni á m.a. trúarlegum forsendum og að lækna eigi að hafa heimild til að umskera sveinbörn sem þurfi á því að halda á læknisfræðilegum forsendum. Það segir sig sjálf að umskurn sveinbarna getur ekki talist limlesting í ljósi slíkra aðstæðna og er slíkt orðfæri því lítilsvirðing gagnvart þeim sem þurfa á henni að halda. Ef umskurn sveinbarna er limlesting er sú umskurn sem lækna framkvæma á læknisfræðilegum forsendum ekkert annað en limlesting.

Ennfremur veur athygli að í greingerð frumvarpsins er það viðurkennt að umskurn sveinbarna sé ekki brot á 12. gr. barnsáttmálans sem fjallar um rétt barna til þess að hafa áhrif á eigið líf því að höfundar þess kjósa að orða það einungis svo að umskurn samræmist greininni illa. Svo lengi sem umskurn skaðar ekki sveinbörn, hún er flokkuð sem læknisfræðilega nauðsynleg undir vissum kringumstæðum og er órjúfanlegur hluti sjálfmyndar þess samfélags sem þau fæðast inn í er ekki um brot við þessa grein sáttmálans að ræða.

Loks segir það sig sjálf að það er ekki eining um það meðal lækna á alþjóðavettvangi hvort umskurn sveinbarna gangi gegn læknaeiðinum, Genfaryfirlýsingu lækna eða Helsinkiyfirlýsingu lækna um sjálfsákvörðun og upplýst samþykki í læknisfræðilegum rannsóknum. Þeir lækna sem styðja umskurn sveinbarna gera það vegna þess að þeir telja að hún sé þeim fyrir bestu, í þágu heilsu þeirra og í samræmi við læknaöldur þeirra.

¹⁰ Morris, Brian J., John N. Krieger & Jeffrey D. Klausner: „Critical evaluation of unscientific arguments disparaging affirmative infant male circumcision policy.“ *World Journal of Clinical Pediatrics*. 8. ágúst 2016. Bls. 251-261. Vefur: <https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC4978617/>.

¹¹ Morris, Brian J., John N. Krieger & Jeffrey D. Klausner: „CDC’s Male Circumcision Recommendations Represent a Key Public Health Measure.“ *Global Health: Science and Practice*. 24. mars. 2017. Bls. 15-27. Vefur: <https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC5478224/>.

Gyðingdómur og íslam

Þótt færa megi rök fyrir því að umskurn drengja geti reynst varasöm ef rangt er að henni staðið ber ekki síður að spyrja hvort lagasetning, sem geri hana refsiverða og þar með gyðingdóm og íslam að glæpsamlegum trúarbrögðum, geti valdið mun meiri skaða.

Umskurn drengja er algjört grundvallaratriði í trúarbrögðum gyðingdóms og forsenda þess að viðkomandi geti talist gyðingur (1M 17).¹² Í gyðinglegu handbókinni *The Jewish Book of WHY* eftir Alfred J. Kolatch segir:

Circumcision is considered more important than any other commandment. The Rabbis state in the Talmud that circumcision outweighs all other commandments in the Tora; consequently, no deviation from biblical law is permitted.¹³

Þeir sem afneitað hafa umskurn eins og Páll postuli gerði í tilfelli kristinna manna af heiðnum uppruna hafa sagt skilið við gyðingdóm eða endurskilgreint sig á eigin forsendum. Lagasetningin hefði það í för með sér að gyðingar gætu ekki lengur stofnað hér fjölskyldu nema snúa baki við gyðingdómi sem trúarbrögðum.

Í íslam getur óumskorinn karlmaður að vísu strangt til tekið flokkast sem múslimi við ítrustu aðstæður en engu að síður er litið svo á að fylgja beri fordæmi spámannanna sem allir hafi verið umskornir. Ágreiningur er milli helstu shariaskólanna hvort fullorðnir einstaklingar sem gerast múslimar þurfi sjálfir að umskerast en það er ýmist sagt skylda eða eindregið mælt með því. Innan shía greinar íslams flokkast umskurn sveinbarna sem skylda en ágreiningur er innan helstu sharía skóla sunní greinar íslams hvort um skyldu sé að ræða (Shafí'i og Hanbali) eða fordæmi sem eindregið sé mælt með (Hanafi og Malaki). Rökin fyrir umskurn drengja og þar með karlmanna eru sótt í Hadíðurnar en í tilfelli sunní greinar íslams er hún flokkuð þar sem *fitra*, eitt af grundvallareinkennum múslima (t.d. Bukhari 7:777, 7:779 & 8:312;¹⁴ Muslim 2:16:597-598),¹⁵ og áhersla lögð á böll þeirra karlmanna á efsta degi sem ekki hafi verið umskornir (t.d. Bukhari 6:264 & 8:531-534;¹⁶ Muslim 51:14:7198).¹⁷ Barnfæddir múslimar telja það djúpstæða skömm að hafa ekki verið umskornir annað hvort strax í æsku eða á fyrstu æviárunum. (Það

¹² Sáttmálshugtakið („berit“ á hebresku) er algjört grundvallaratriði í Gamla testamentinu og sjálf þungamiðja helgiritasafns þess að mati fræðimanna. Umskurnin er ekki bara einhver einn helgisiður meðal margra hjá gyðingum heldur sjálft tákn sáttmálans (1M 17) og þar með afgerandi (*par excellence*) tákn þess að tilheyra þjóð Drottins (Jahve) rétt eins og tákn hvíldardagsins. Bæði þessi tákn, umskurnin og hvíldardagurinn, fengu aukið vægi á tímum babýlónsku útleðarinnar (586-538 f. Kr.) þegar musterinu í Jerúsalem var eytt með því helgihaldi sem þar fór fram og landið Júda var hernumið. Umskurnin, sem í senn er talin náðargjöf og boð, er tákn þeirra fyrirheita sem ættföðurnum Abraham voru gefin. (Zimmerli, Walter: *Old Testament Theology in Outline*. John Knox Press. Atlanta. 1978. Bls. 132.; Eichrodt, Walther: *Theology of the Old Testament*. John Knox Press. Westminster. 1961.) Þessi rit eru talin þau áhrifamestu á 20. öld á sviði gamlatestamentisfræða og eru skrifuð með það að leiðarljósi að sáttmálinn sé samnefnarinn og þungamiðjan fyrir allt hið fjölbreytilega efni sem hið mikla ritsafn Gamla testamentisins hefur að geyma.

¹³ Kolatch, Alfred J.: *The Jewish Book of WHY*. Jonathan David Publishers. Middle Village. 1981. Bls. 17.

¹⁴ Al-Bukhari, Muhammad: *The Hadith. Volume 5*. [Án útg.] Lexington. 2017. Bls. 2014-2015 & 2143.

¹⁵ Muslim bin al-Hajjaj, Imam Abul Hussain: *English Translation of Sahih Muslim. Volume 1*. Þýðing: Nasiruddin al-Khattab. Ritstjórn: Huda Khattab. Darussalam. Riyadh. 2007. Bls. 383.

¹⁶ Al-Bukhari, Muhammad: *The Hadith. Volume 4*. [Án útg.] Lexington. 2017. Bls. 1623.; Al-Bukhari, Muhammad: *The Hadith. Volume 5*. [Án útg.] Lexington. 2017. Bls. 2217-2218.

¹⁷ Muslim bin al-Hajjaj, Imam Abul Hussain: *English Translation of Sahih Muslim. Volume 7*. Þýðing: Nasiruddin al-Khattab. Ritstjórn: Huda Khattab. Darussalam. Riyadh. 2007. Bls. 251-252.

er rangt sem segir í frumvarpinu að í íslam sé „algengast að drengir séu umskornir í kringum tíu ára aldurinn“ því að þar er þvert á móti talað um að slíkt þurfi að hafa gerst í síðasta lagi þá eða við upphaf kynþroska. Ennfremur er það mismunandi eftir löndum og svæðum hversu fljótt umskurn eigi sér stað hjá börnum múslima en hún getur allt eins átt sér stað um svipað leyti og hjá gyðingum.)¹⁸ Þar sem flestir múslimar telja að hvers kyns sharíaákvæði víki fyrir landslögum myndu margir sækjast eftir umskurn erlendis við misæskilegar aðstæður eða í sumum tilfellum hreinlega flytjast af landi brott ef þeir sjá kost á slíku. Það er helst kóransinnar, sem hafna ritningarlegu gildi Hadíðanna og viðurkenna eingöngu Kóraninn, sem eiga auðveldara með að sniðganga umskurn en þar er um mikinn minnihluta múslima að ræða.¹⁹ Öll trúfélög múslima á Íslandi tilheyra sunni grein íslams og samþykkja Hadíðurnar en einnig má finna hér múslima úr röðum shía.

Foreldrar drengja sem í ljós kemur að hafi verið umskornir hér heima eða erlendis eftir að frumvarpið hefur verið fært í lög geta lent í verulegum vandræðum enda um glæp að ræða sem kallar á aðkomu barnaverndaryfirvalda og lögreglurannsókn. Þessir foreldrar gætu misst börn sín og verið dæmdir í allt að 6 ára fangelsi.

Stuðningsmenn frumvarpsins benda á að til séu ýmis refsíákvæði í trúartextum gyðingdóms og íslams sem séu á skjön við landslög. Þegar betur er að gáð eru slík refsíákvæði háð margvíslegum skilyrðum og flokkast fremur sem heimild til valdhafa eða samfélagsins undir vissum sögulegum kringumstæðum en eru ekkert endilega og jafnvel alls ekki talin eiga við nú á tímum. Þá ber einnig að gæta þess að bókmenntaform helgiritra gyðinga eru margvísleg og þeir líta ekki svo á að textar þeirra séu jafngildir eða að leggja beri ávallt bókstaflega merkingu í allt sem þar stendur. Auk þess geyma þessi helgirit mismunandi og jafnvel andstæð sjónarmið um margt í sögu, trú og sjálfskilningi þess fólks sem um ræðir.²⁰ Sömu sögu er að segja af múslimum en allir viðurkenna þeir að Hadíður geti haft mismunandi vægi og að til séu Hadíður sem jafnvel beri að vísa á bug.²¹ Það sem skiptir samt mestu máli hér er að umskurn sveinbarna flokkast hvorki sem refsíákvæði innan gyðingdóms né íslams og er þvert á móti órjúfanlegur þáttur í sjálfsmynd viðkomandi fólks og grundvallaratriði í helgiritum þess.

Ennfremur benda stuðningsmenn frumvarpsins á að Vottar Jehóva hafi ekkert um það að segja hér á landi hvort lækna veiti börnum þeirra blóðgjöf og því beri gyðingum og múslimum að sætta sig við að umskurn sveinbarna á trúarlegum forsendum verði bönnuð. Það heyrir hins vegar til undantekninga að Vottar Jehóva þurfi á blóðgjöf að halda og á síðari árum hefur nán samvinna myndast milli öldunga trúfélags Votta Jehóva og lækna um að finna aðrar leiðir sem krefjist ekki blóðgjafar. Þegar ekki er um slíka valkosti að ræða í tilfelli barna sem eru í lífshættu er ákvörðun um blóðgjöf til barns samt alfarið í höndum lækna.²² Umskurn er hins vegar grundvallaratriði í gyðingdómi þar sem hún telst forsenda þess að viðkomandi drengir geti flokkast sem gyðingar og er þannig grundvallarþáttur í jákvæðri sjálfsmynd þeirra. Sömuleiðis flokkast umskurn ýmist sem skylda eða því sem næst í íslam og er sem slík mikilvægur

¹⁸ Maqsood, Ruqaiyyah Waris: *Islam. Teach Yourself*. Abingdon. [1994.] 2006. Bls. 188.

¹⁹ Forvitnilegt dæmi um ágreining milli kóransinna og þá sem samþykkja ritningarlegt vægi Hadíðanna í tengslum við umskurn sveinbarns er að finna hér: Bowen, John R.: *On British Islam. Religion, Law and Everyday Practice in Shari'a-Councils*. Princeton University Press. Princeton. 2016. Bls. 181.

²⁰ Sjá t.d.: Whitlam, Keith W.: „The Former Prophets.“ *Creating the Old Testament. The Emergence of the Hebrew Bible*. Ritstjórn: Stephen Bigger. Basil Blackwell. Oxford. 1989. Bls. 151-168.

²¹ Brown, Jonathan A.C.: *Misquoting Muhammad. The Challenge and Choices of Interpreting the Prophet's Legacy*. Oneworld Publications. London. [2014.] 2017.

²² Bjarni Randver Sigurvinsson: „Vottar Jehóva og blóðgjafir.“ *Orðið*. 1995. Bls. 99-125.

þáttur jákvæðrar sjálfsmyndar þeirra. Blóðgjöf getur reynst nauðsynleg til að bjarga lífi þeirra barna sem á henni þurfa að halda en umskurn er trúarlegt samfélagstákn.

Í ljósi þess vægis sem umskurn sveinbarna hefur í gyðingdómi, íslam og fjölmörgum öðrum þjóðfélögum víða um heim að sjálfum Sameinuðu þjóðunum meðtöldum er ekki að undra að m.a. landlæknir og Félag hjúkrunarfræðinga skuli leggja gegn því að hún sé gerð að saknæmu athæfi hér á landi sem varði allt að sex ára fangelsi. Ástæða er til að taka undir með landlækni að löggjafinn eigi fremur að taka mið af þeim ströngu reglum sem settar hafa verið um umskurn sveinbarna í Svíþjóð.

Niðurstaða

Ég mæli eindregið með því að alþingismenn taki mark á umsögn landlæknis við frumvarpið og fari að ráðum hans þegar hann mælir gegn því að umskurn sveinbarna verði gerð refsiverð hér á landi og hvetur þess í stað til þess að settar verði strangar reglur um tilhögun og framkvæmd umskurnar með hliðsjón af þeim lögum sem gilda um slíkt í Svíþjóð. Það er eðlilegt og nauðsynlegt að sett séu lög þess efnis að aðeins læknar megi framkvæma umskurn og að sjálfsögðu á ekki að framkvæma slíka aðgerð nema forsjáraðilar séu báðir eða allir henni samþykkir.

Sömuleiðis tek ég undir með Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga að í stað þess að setja bann við umskurn drengja sem viðbót inn í núverandi hegningarlög þurfi að skoða betur með hvaða öðrum leiðum sé hægt að vernda sjálfsákvörðunarrétt barna um eigin líkama. Farsæl leið í þeim efnum er upplýst samræða lækna við trúarlega minnihlutahópa gyðinga og múslima hér á landi sem og alla aðra sem aðhyllast mikilvægi umskurnar um þær afleiðingar og þá fylgikvilla sem mögulega geti fylgt aðgerð á kynfærum drengja. Undir þetta tiltekna atriði get ég tekið í umsögn Læknafélags Íslands um frumvarpið og styð jafnframt að það verði útbúið „fræðsluefni fyrir verðandi foreldra um réttindi bama skv. íslenskum lögum og alþjóðasamþykktum sem íslensk stjórnvöld hafa undirgengist að framfylgja“ eins og segir þar. Slíkt fræðsluefni ætti þó ekki að vera bundið við umskurn sveinbarna heldur ná til sem allra flestra álitamála sem varða líkama og heilsu barna með hliðsjón af því félagsmenningarlega samhengi sem þau tilheyra.

Ég sé hins vegar ekki að umskurn sveinbarna geti talist brot á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og tel að Alþingi verði að gæta að því mannréttindasjónarmiði að börn fái að njóta þeirra grundvallareinkenna sem móta jákvæða sjálfsmynd þess fólks sem þau tilheyra og þess samfélags sem þau fæðast inn í. Umskurn sveinbarna getur ekki talist limlesting, líkamsárás, refsing eða annað slíkt og það er ekki hægt að horfa framhjá þeirri staðreynd að fjöldi lækna víða um heim og alþjóðastofnanir á borð við sjálfa Alþjóðaheilbrigðismálastofnun Sameinuðu þjóðanna styðja hana.

Verði það fest í lög hér á landi að umskurn sveinbarna sé glæpur sem varði margra ára fangelsi kemst Ísland á blað sótsvartrar sögu Evrópu í málefnum gyðinga sem fyrsta land álfunnar frá síðari heimsstyrjöld sem nær því marki með sérstakri löggjöf að verða *Judenfrei* í tilfelli þeirra gyðinga sem taka trúarbrögð sín alvarlega. Ennfremur yrði löggjöfin niðurlægjandi fyrir þá landsmenn sem þurft hafa á umskurn að halda að læknisráði og alla aðra sem hingað koma frá löndum og menningarsvæðum þar sem umskurn sveinbarna þykir sjálfsögð. Með frumvarpinu eru allir þeir drengir og allir þeir karlmenn sem umskornir hafa verið víðsvegar um heim jaðarsettir í íslensku samfélagi og þeim send skýr skilaboð

Þess efnis að þeir séu fórnarlömb alvarlegs glæps og ef þeir reyni að verja umskurnina séu þeir talsmenn ofbeldis og alvarlegrar glæpastarfsemi.

Glæpavæðing umskurnar sveinbarna mun valda fjölda fólks úr hinum ýmsu minnihlutahópum ómældri þjáningu og stórskaða orðspor landsins á alþjóðavettvangi. Frumvarpið hefur þá hliðarverkun að gyðingdómur og íslam verða gerð glæpsamleg trúarbrögð vegna þess vægis sem umskurn drengja hefur innan þeirra, gyðingar geta ekki komið sér upp fjölskyldu hér á landi nema því aðeins að snúa baki við trúarlegum gyðingdómi og múslimum verður gert verulega erfitt að búa hér á landi vegna ýmist þeirrar skyldu sem hvílir á umskurn innan sharía skóla íslams eða þess fordæmis sem múslimar eru þar eindregið hvattir til að fylgja. Alþingi mun takast það sem öfgahreyfingar gyðingahatara og múslimahatara berjast svo mjög fyrir að loka landinu að verulegu leyti fyrir þeim gyðingum sem fylgja gyðingdómi og gera múslimum lífið erfitt. Þetta verður ímynd landsins.

Bjarni Randver Sigurvinsson

guðfræðingur, trúarbragðafræðingur og stundakennari í trúarbragðafræði og kvikmyndfræði við Háskóla Íslands